

**Leiðbeinandi reglur biskups Íslands fyrir matsnefnd um hæfni til prestsembættis
nr. 2/2017**

1. gr. Nefndin nefnist matsnefnd um hæfni til prestsembættis. Nefndin hefur aðsetur á Biskupsstofu, vistar skjöl sín og gögn þar og nýtur annarrar þjónustu sem þörf krefur s.s. ritaraþjónustu.
2. gr. Um nefndina og málsmeðferð hennar gilda ákvæði 5. og 6. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016. Þá taka til matsnefndarinnar gildandi reglur hverju sinni um störf nefnda sem kosnar eru eða skipaðar af kirkjuþingi, kirkjuráði, biskupi Íslands eða starfa samkvæmt lögum og starfsreglum, nú reglur frá árinu 2014.
3. gr. Ef við á leiðbeinir formaður matsnefndarinnar í upphafi sérfræðingum þeim sem kunna að vera kallaðir til, um þær reglur sem gilda um störf nefndarinnar, þagnarskyldu og annað sem nauðsynlegt og eðlilegt er. Þá ákveður nefndin hver aðgangur sérfræðinga skal vera að umsóknunum og öðrum gögnum.
4. gr. Nefndin semur staðlaðar spurningar sem bornar eru upp við þá umsækjendur sem kallaðir eru í viðtal. Heimilt er nefndinni að spyrja viðbótarspurninga sem eru sama efnis og þær stöðluðu til nánari úrskýringa. Spurningar má aðlaga eftir því sem hver auglýsing um laust embætti og þarfagreining prestakalls gefur tilefni til. Meginefni svara umsækjanda í viðtali skal færa til bókar.
5. gr. Ef annað er ekki ákveðið, er formaður í fyrirsvari fyrir nefndina, ber upp spurningar við umsækjendur og leiðir viðtöl nefndarinnar við þá.
6. gr. Við mat á æðri menntun og prófgráðum umsækjenda skal matsnefnd styðjast við þau formlegu viðmið sem ráðherra gefur út á grundvelli 5. gr. laga um háskóla nr. 63/2006 sbr. augl. 530/2011.
7. gr. Nú er óskað eftir aðgangi að gögnum nefndarinnar á grundvelli stjórnsýslulaga nr. 37/1993 eða upplýsingalaga nr. 140/2012 og veitir biskup Íslands úrlausn um slíka beiðni að höfðu samráði við matsnefndina.
8. gr. Leiðbeinandi reglur þessar, sem settar eru á grundvelli starfsreglna um val og veitingu nr. 144/2016, öðlast gildi þegar í stað.

Reykjavík, 15. maí 2017

Agnes M. Sigurðardóttir
biskup Íslands